



**Innsetningarræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
1. ágúst 2008**

Góðir Íslendingar.

Þegar ég á ný axla ábyrgðina sem forsetinn ber er mér efst í huga þakklæti til þjóðarinnar, fólksins í landinu sem falið hefur mér þennan trúnað.

Samband forseta við almenning, alþýðu til sjávar og sveita, er sú kjölfesta sem mestu ræður um fararheill, hin sterka taug sem tryggir lifandi tengsl, gæðir ákvæði stjórnarskrár frjóum anda.

Ég hef jafnan leitast við að hafa í veginesti þann vísdom að forsetinn er fyrst og fremst þjónn þjóðarinnar. Það er akkeri hans og áttaviti.

Reynslan frá því ég stóð hér fyrst hefur verið bæði gleðigjafi og til ögunar; gæfan verið mér og mínum hliðholl þrátt fyrir áföll og sorgir.

Hlýhugur og vinsemd sem fólkið í landinu hefur sýnt mér og fjölskyldunni hafa skipt okkur miklu – í senn hvatning og bakhjarl á erfiðum tímum.

Á liðnum árum hafa verið forréttindi að fá að leggja hönd á plóg, veita ýmsum lið í brýnum verkum. Samstarfið við einstaklinga og

almannasamtök, vísindamenn og sérfræðinga, listafólk og brautryðjendur, öflugar sveitir í velferðarmálum og atvinnulífi, hefur verið gefandi og lærdómsríkt; vonandi gert mig betur færán um að þoka góðum málum áleiðis á því kjörtímabili sem hefst í dag.

Þegar við lítum um öxl blasir við að árin kringum nýliðin aldamót voru Íslendingum einstæður tími, árangur glæstur á flestum sviðum, sóknarhugur til muna meiri en áður þekktist. Siglt var fyrir þöndum seglum; margir töldu að byrinn yrði ævarandi. Víða var þó barist í bökkum; einstaklingar, fjölskyldur og ýmsar byggðir áttu á brattann að sækja. Samt var heildarmyndin sú að hagur vænkaðist og orðstír þjóðarinnar fór víðar en áður.

Ný lönd voru numin, fótfestu náð á mörgum sviðum, grundvöllur atvinnulífsins umfangsmeiri, undirstöður oftast traustar. Hin unga kynslóð fékk fjölda tækifæra, fann að hægt var að hlúa að íslenskum rötum og ná um leið árangri á veraldarvísu.

Allt mun þetta nýtast vel þótt um sinn hafi skipast veður í lofti og auðvelda okkur að halda áttum, meta rétt gæðin sem við búum að, reynsluna sem við höfum öðlast.

Íslendingar hafa áður siglt um úfinn sjó en engu að síður náð heilir til hafnar.

Sjálfstæðisbaráttan var langvinn og óviss, þjóðin illa búin undir að sækja sigra í hendur hins erlenda valds; um aldir ein hin fátækasta í álfunni allri.

Heimskreppan og kalda stríðið voru eyþjóð í úthafi erfiður tími; oft mættu stjórnvöld afarkostum. Önnur ríki gerðu tilkall til yferráða og landhelgisstríðin háð með hættunnar á báðar hendur; erlendum herskipum beitt til að vernda rányrkju á heimamiðum Íslendinga.

Almenningur og atvinnulíf glímdu einatt við erfiðleika, verðfall á afurðum og andstreymi í hagkerfi heimsins rýrðu kjörin umtalsvert. Getan til að ná tökum á efnahagslífi var af svo skornum skammti að illvíg verðbólga og sveiflur í gengi voru viðvarandi.

Fjölpætt er sú þjóðarsaga; efniviður sem hjálpar okkur að halda áttum á vegferðinni sem nú fer í hönd.

Þótt margslunginn vandi blasi við, heimili og einstaklingar, fyrirtæki og atvinnugreinar í þröngri stöðu, þá er þjóðin betur búin til að ná farsælli lendingu en oftast áður. Nánast alla síðustu öld voru skilyrðin til muna óhagstæðari en á okkar dögum.

Þegar við nú lítum fram á veg og tökum til úrlausnar hin brýnu viðfangsefni, grandskoðum hvaða sess hæfir hagsmunum Íslands best, hvernig skipa skal tengslum okkar við aðrar þjóðir, er áriðandi að meta til fulls auðlindirnar sem þjóðinni eru gefnar, skilja til hlítar styrkleikann sem felst í þekkingu og hæfni fólksins, en líka auðæfum sem búa í iðrum jarðar, djúpum hafsins, sjá kostina sem tengdir eru legu landsins, eiginleikum sem óðum öðlast aukið gildi í krafti hinnar nýju heimsmýndar.

Raunsætt mat á stöðu Íslands við upphaf nýrrar aldar leiðir ótvírætt í ljós að fáar þjóðir eiga í fari sínu og farteski slíkan auð. Því er engin ástæða til að örvænta eða grípa í skyndi til örþrifaráða þótt á móti blási um nokkurt skeið.

Hver er þá þessi styrkur Íslands – auðlindirnar sem geta, ef rétt er á málum haldið, orðið grundvöllur enn meiri hagsældar í framtíðinni? Tilgreina má til glöggvunar sjö þætti, efnivið í þjóðarheill.

Menntun Íslendinga, einkum yngri kynslóðanna er fjölpættari, efnisríkari en nokkru sinni; námið sótt um veröld víða og hér heima til

háskóla og lærdómssetra sem öðlast sífellt meiri styrk. Þekkingarforði sérhverrar þjóðar verður í æ ríkara mæli hreyfiafl framfaranna. Að vera vel birg í þeim efnum skapar kjörstöðu á komandi árum. Sóknarkraftur allra atvinnugreina byggist á öflugri þróun í menntamálum og þar höfum við Íslendingar í nær heila öld verið vel á verði; ávallt kappkostað að sérhver eigi rétt til skólagöngu óháð búsetu og efnahag. Sú jafnréttishugsjón hefur verið og verður lykillinn að farsæld okkar enda brýnt fyrir fámenna þjóð að leyfa hæfileikum allra að njóta sín.

Menningin hefur sífellt orðið auðugri að efnisþáttum, nýjar greinar öðlast traustan sess um leið og arfleifð fyrri alda mótar hugarfar og leggur leiðarstef. Í umróti okkar tíma eru sterkar rætur náðargjöf og öflug nýsköpun vatnið sem veita þarf á akurinn. Aldrei fyrr hafa Íslendingar búið að svo fjölpættu menningarlífi; samfélagið allt vettvangur öflugrar sveitar sem á frumlegan hátt varpar heillandi ljósi á kostina sem felast í því að finna til sem Íslendingur.

Hafið var um aldir forðabúr, gerði þjóðinni kleift að þrauka þrátt fyrir harðræði og óáran. Við erum meðal fárra þjóða sem búa að auðugum heimamiðum, uppeldisstöðvum fiskistofna sem okkur hefur tekist að varðveita þrátt fyrir togstreitu um ólíkar leiðir. Sú sérstaða verður æ dýrmætari þegar villt sjávarfang hækkar í verði.

Ræktun landsins – lífsstarf bænda – sem ásamt útgerðinni var forsenda byggðar á norðurhjara hefur búið okkur vel úr garði þegar fæðuöryggi er orðið eitt brýnasta verkefni þjóða heims; takmarkað framboð leiðir til óeirða í mörgum löndum. Öflug matvælaframleiðsla sem dugir landsmönnum til viðurværis er óskastaða sem flestar þjóðir dreymir um.

Orkan í iðrum jarðar, sem var landnámsmönnum undrunarefni, blés Ingólfi Arnarsyni í brjóst andagift til að nefna bæ sinn Reykjavík, er á

okkar tímum ígildi gulls. Aðgangur að endurnýjanlegum orkugjöfum verður á komandi áratugum, er reyndar nú þegar, grundvallarþáttur í hagkerfi heimsins. Þjóðir sem búa að slíku og hafa kunnáttu og hæfni til nýtingar verða því í kjörstöðu. Árangur vísindamanna okkar, sérfræðinga og rekstrarfólks í orkumálum nýtur virðingar um allan heim og sívaxandi eftirspurn er eftir samstarfi við Íslendinga.

Leiðtogar og áhrifamenn í Asíu, Afríku, Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku horfa til Íslands; leita liðsinnis okkar til að auka hlutfall hreinnar orku á heimaslóð. Sendinefndir frá Mið-Austurlöndum, Indónesíu, Tyrklandi, Ungverjalandi og víðar að koma hingað; oddvitar Kína og Indlands líta á Ísland sem fyrirmynd og frambjóðendur til forsetakjörs vestanhafs þekkja báðir vel árangur Íslendinga.

Vatnið er önnur auðlind sem verður æ verðmætari, hið tæra íslenska drykkjarvatn sem landið færir okkur daga og nætur, ár af ári, öld af öld. Vatnsskortur verður innan tíðar meðal helstu vandamála þjóða heims. Það er til vitnis um breytta tíma að nýlega voru hér áhrifamenn frá auðugasta olíuríki veraldar þeirra erinda að kanna hvort kostur væri að kaupa drykkjarvatn af Íslendingum. Landið okkar er eitt stærsta forðabúr tærs neysluvatns í Evrópu allri. Sú staðreynd opnar nýjar víddir í auðlegðarsafni Íslendinga, skapar sérstöðu sem getur orðið uppspretta tekna líkt og orkulindir og auðæfi hafsins.

Náttúran, öræfin, fjöll og dalir, jökulbreiður, fallvötn og fossar, svartir sandar, hraunið mosagróid, grænir balar, firðir, fjölbreyttir að lengd og lögun, víðáttan, ásýnd Íslands sem er okkur heimamönnum dagleg reynsla, samgróin vitund og sálarlífi, er gestkomandi ævintýri, upplifun í æðra veldi. Óspilltum svæðum hefur fækkað ört víðast hvar í veröldinni og eftirspurnin eftir náttúruleynslu, slíkri sem Ísland veitir af örlæti sínu, er nú þegar þungur niður nýrrar aldar. Ríkidæmi okkar er í

Þessum efnum meira en flestra þjóða og því mun sóknin í gæði landsins vaxa ört; mikilvægt að fara með gát. Milljónir íbúa í öðrum álfum vilja öðlast þá reynslu að vera einn með sjálfum sér í víðáttunni.

Þessir þættir, sjö að tölu: fjölþætt menntun, gróskurík menning, fiskistofnar, búskapur í eigin landi, orkulindir, forðabúr neysluvatns og sköpunarverk náttúrunnar eru verðmæti sem aðrir myndu fagna að eiga í sínum ranni, auðlindir og eiginleikar sem geta gert okkur alla vegi færa. Hin nýja heimsmynd eykur gildi þeirra enda leitun að fámennri þjóð með jafn drjúgan efnivið í framfarir og almenna hagsæld; þjóð sem getur boðið landsmönnum líf skjör á við hið besta sem þekkist í veröldinni.

Samfélag okkar hefur líka þrátt fyrir umrót síðari ára varðveitt eiginleika sem voru undirstaða velferðar á liðinni öld, þá jafnréttishugsjón að allir eigi sama rétt þegar heilsan bilar eða ellin nálgast, að menntunin megi aldrei verða forréttindi hinna fáu, að samstaðan sé aðalsmerki Íslendinga þegar hættur blasa við eða hamfarir herja á byggðir landsins.

Það er einnig gæfa okkar að Norður-Atlantshafið er nú friðsælasti hluti heims. Vígbúnaðarkapphlaupið á okkar slóðum heyrir sögunni til. Bandaríkin lokuðu herstöðinni því að hætturnar voru ekki lengur fyrir hendi. Senn eru tvö ár liðin frá því Ísland varð á ný herlaust land; þjóðin meðal fárra sem njóta þeirrar gæfu að geta verið án vígbúinna manna á daglegri vakt.

Á hinn bóginn mun heimshluti okkar, Norðurslóðir, á komandi árum verða lykilsvæði í framförum heimsins, öðlast nýtt vægi vegna samstarfs sem við ásamt sjö öðrum þjóðum höfum þróað. Á þeim vettvangi hefur lega landsins fært okkur oddastöðu. Nú blasir við Norðurlöndum ásamt Kanada, Rússlandi og Bandaríkjunum að skipuleggja á farsælan hátt nýtingu orkuforðans á Norðurslóðum en hann er talinn geta verið um fjórðungur þess sem jörðin býr yfir. Annað verkefni verður að sammælast

um hvernig siglingar um norðurhöf geta tengt Asíu við Evrópu og Ameríku, umbylt viðskiptum í veröldinni líkt og Súesskurðurinn gerði á sínum tíma.

Já, Íslendingar eru auðugri að tækifærum en nokkru sinni og æ fleiri leita samstarfs við okkur, sjá í reynslu þjóðarinnar lærdóma og leiðsögn. Framlag okkar getur því orðið langtum meira en kann að virðast við fyrstu sýn.

Við getum veitt fjölmörgum þjóðum sem berjast við fátækt nýja trú á framtíðina, kynnt fordæmi úr eigin ranni, sýnt að í krafti sjálfstæðis var lagður grundvöllur að aukinni hagsæld, velferð allra.

Við berum vitni um hvernig lýðræði, hið opna, frjálsa og örugga samfélag getur þróast – að hægt er að hafna leið ótta og ógnar; að lög og réttur leiða ávallt til farsælla lausna.

Við erum dæmi um árangur hinna smáu ríkja, sveitar sem nú telur um fjórðung hinna Sameinuðu þjóða – um kostina sem fámennið skapar, sveigjanleikann og hagkvæmnina.

Við höfum sannað að hægt er að umbreyta orkukerfi heillar þjóðar, hverfa frá olíu og kolum, þróa öflugt atvinnulíf með nýtingu hreinna orkulinda.

Við eigum í krafti þess brýnt erindi við veröldina, einkum nú þegar hættan af loftslagsbreytingum færir mannkyni nýja ógn, svo hrikalega að hvorki heimskreppa né heimsstyrjaldir duga til samanburðar.

Ísland hefur aldrei fyrr haft slíka kjörstöðu í veröldinni né búið að jafn öflugum auðlindum. Hin nýja öld getur ótvírætt orðið okkar besti tími.

Á þessum vegamótum tek ég með gleði í hjarta og hógværð í huga á ný við embætti forseta Íslands og heiti á landsmenn alla, fjær og nær, að taka höndum saman um heill ættjarðarinnar.

Það er heiður að vera á þennan hátt valinn til þjónustu við þjóðina en vandi fylgir líka vegsemdinni. Forsetinn ber á sínum herðum ríkar skyldur, mikla ábyrgð. Vonandi tekst mér með hjálp ykkar allra að sinna þeim verkum á farsælan hátt.